

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um orkuskipti og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Frá Guðmundi Andra Thorssyni.

1. Hversu miklum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda skila markmið um 10% hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í haftengdri starfsemi árið 2030, sbr. aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030 og þingsályktun um aðgerðaáætlun um orkuskipti, nr. 18/146, frá 31. maí 2017, borið saman við samsvarandi losun árið 2005?
2. Hver verða áhrif aðgerðaáætlunar um orkuskipti í samgöngum á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, sbr. lið C.6 í þingsályktun nr. 18/146?
3. Er skýrslan *Aðgerðaáætlun um orkuskipti í íslenskum höfnum – með áherslu á raftengingar til skipa í höfn*, sem Nýorka og Hafíð unnu og gáfu út í nóvember 2018, liður í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum?

Skriflegt svar óskast.